

Fall Berlínar 1945 (2006)

Bókarhöfundur: Antony Beevor [þýðandi Jón P. Pór]

Bókarheiti: Fall Berlínar 1945. [Á frummálinu: Berlin the Downfall 1945.]

Gagnrýnandi: Arnar Pór Másson

Útgáfa: Bókaútgáfan Hólar, Akureyri 2006, xxxii, 422 bls. [Fyrst gefin út af Viking Books 2002.]

UM HÖRMUNGAR STYRJALDA

Ófáar bækur og bíómyndir hafa verið gerðar um síðari heimstyrjöldina. Flestar hafa fjallað um hlut bandamanna í styrjöldinni og hvernig þeim tókst að þrúka í gegnum árásir Þjóðverja, snúa taflinu sér í vil og ná að endingu fram „glæstum“ sigri. Þegar hann var í höfn var réttað yfir ópökkunum og flestir fengu þeir makleg málagjöld. Fall Berlínar 1945 eftir sagnfræðinginn Anthony Beevor fjallar aftur á móti um allt annan raunveruleika, þ.e. um styrjöldina á austurvígstöðvunum, en þar bárust Þjóðverjar og Sovétmenn á banaspjótum. Án þess að lítið sé gert úr þjáningum þeirra sem tóku þátt í styrjöldinni eða voru fórnarlömb hennar á vesturvígstöðvunum voru átökin hvað grimmilegust á austurvígstöðvunum og mannfallið mest, bæði meðal óbreyttra borgara eða hermanna.

Í lok styrjaldarinnar skall á kalt stríð og stærstur hluti austurvígstöðvanna lenti undir áhrifasvæði Sovétmanna. Því var sú saga aldrei skrifuð og sannleikurinn um hörmungarnar sem þar áttu sér stað ekki dreginn fram í dagsljósið. Við tók ímyndar- og áróðursstríð kaldastríðsáranna og á slíkum tímum átti sjálfsgagnrýnin söguskoðun ekki upp á pallborðið hjá Sovétmönnum og öðrum sigurvegum styrjaldarinnar. Í bók sinni styðst Beevor við ógrynni af heimildum og gögnum um þessa atburði sem nú eru aðgengileg í skjalasöfnum fyrrum Sovétlýðveldis. Hann rekur af mikilli nákvæmni síðustu mánuði og daga styrjaldarinnar í Evrópu. Sérstaklega einbeittir hann sér að aðdraganda þess að Sovétmenn náðu Berlín á sitt vald sem skoða má sem táknmynd endaloka síðari heimstyrjaldarinnar í Evrópu.

Þjáningar almennra borgara og óbreyttra hermanna

Beevor dregur ekkert undan í lýsingum sínum á aðstæðum óbreyttra hermanna og því hvað almennir borgarar upplifðu á síðustu dögum styrjaldarinnar. Nauðganir, rányrkja, pyntingar og morð Sovétmanna á þýskum borgurum voru daglegt brauð og margt sem ekkert á skylt við hernað viðgekkst í styrjöldinni. Beevor bendir t.d. á að talið sé að sovéskir hermenn hafi nauðgað um 2 milljónum þýskra kvenna meðan á sókn þeirra til baka yfir Pólland og inn í Þýskaland stóð. Þeir litu á það sem hefnd fyrir svipaðar aðfarir Þjóðverja í kjölfar framrásar þeirra árin þar á undan. Bókin veitir innsýn inn í helvíti styrjaldarinnar og hvernig fólk bregst við undir skelfilegum kringumstæðum, hvernig það virðist læra að lifa með óhugnaðnum og laga sig að ómanneskjulegum aðstæðum sem engin leið er að skilja til fulls.

Styrjöldin virðist hafa dregið það versta fram í fólki sem var hungrað og varnarlaut. Það á bæði við um hermenn og saklausa borgara. Hermönnum var tjáð að ef þeir hlýddu ekki skipunum eða hörfuðu yrðu þeir drepnir. Og þannig fór um marga, bæði í herjum Sovétmanna og Þjóðverja, þeir féllu fyrir hendi samherja sinna í geggjun tortryggni og lyga. Í bókinni kemur fram hve styrjöldin var óvægjin en mánuðirnir í kjölfarið reyndust Berlínarbum ekki síður erfiðir. Þá tóku við rányrkja og grimmdarverk sovéska hersins í sigurvímu.

Ábyrgð leiðtoga

Í bókinni kemur vel fram hversu samviskulausir leiðtogar Sovétríkjanna og Þýskalands voru þessa mánuði sem bókin fjallar um. Þeir töldu sig hafa stjórn á aðstæðum þrátt fyrir að yfirsýn þeirra væri í raun takmörkuð og undirmenn þorðu vart að segja allan sannleikann. Glögggt má sjá að virðing þeirra fyrir mannlífum var lítil sem engin. Hitler vissi lítið um raunverulega stöðu mála á vígstöðvunum og lokaði augunum algjörlega fyrir því að stríðið væri tapað. Hann talaði um sigur allt fram á síðustu stundu þrátt fyrir að Sovétmenn væru komnir inn í Berlín. Þessa síðustu daga öttu hann og herforingjar hans þúsundum hermanna og óbreyttra borgara út í opinn dauðan fyrir málstað sem var löngu glataður.

Endalok Hitlers sjálfs, sem lýst er í bókinni, verða hálfhjákátleg í samanburði við það sem undirmenn hans voru neyddir úti í lok styrjaldarinnar. Hermönnum var fórnað og þeim bannað að hörfa eða gefast upp. Margir voru drepnir ef þeir vöguðu sér að flýja undan ofureflinu. Stalín virðist hafa borið jafnlitla virðingu fyrir lífi hermanna í sínum röðum og atti marskálkum sínum, þeim Zhukov og Konev, í átt til Berlínar án mikillar samhæfingar þeirra í millum. Fyrir kom því að herir þeirra skutu á hvor annan án

Þess að átta sig á því.

Beevor bendir á að Hitler hafi verið orðinn taugaveiklaður og veruleikafirrtur síðustu dagana þegar ósigur í styrjöldinni blasti við og neitað að viðurkenna hið augljósa, að stríðið væri tapað. Hins vegar hafi það fyrst og fremst verið pólitísk valdafíkn sem stýrði gjörðum Stalíns sem og markmið hans um herfræðilega stöðu eftir styrjöldina. Hann óttaðist mjög að bandamenn yrðu fyrri til að ná Berlín en vildi með því að ná borginni tryggja sér þekkingu Þjóðverja, t.d. á kjarnorku, og skapa sér samningstöðu gagnvart bandamönnum eftir styrjöldina, eins og síðar kom á daginn.

Grimmdarverk á báða bóga

Hættan við að afmarka efni bókarinnar við síðustu mánuði styrjaldarinnar, líkt og Beevor gerir, er sú að lesendur gætu freistast til að álykta að Sovétmenn hafi framið mestu grimmdarverkin í síðari heimstyrjöldinni. En þau verður að skoða í ljósi þess sem gengið hafði á í sókn Þjóðverja austur árin þar á undan. Þar fóru þeir fram með sama miskunnarleysi, nauðgunum og grimmd og hersveitir Sovétmanna 1944-1945. Einnig þarf að hafa í huga að þegar komið var fram á árið 1945 hefur orðið gríðarlegt mannfall hjá Sovétmönnum í styrjöldinni. Stalín hafði auk þess sjálfur látið myrða fjöldann allan af hermönnum sínum vegna ótta við uppreisn og í kjölfar ásakana um að þeir ynnu með innrásariðinu. Það leiddi meðal annars til þess að margir ótíndir glæpamenn voru dubbaðir upp sem hermenn ásamt óhörðnuðum unglingum og varpað út hræðilegar aðstæður sem þeir réðu engan veginn við.

Í þessu samhengi er vert að benda á að átökin á austurvígstöðvunum voru lituð af baráttu milli ólíkra hugmyndakerfa, annars vegar þjóðernishugmynda fasista og hins vegar alþjóðahyggju kommúnista (sem hafði þó þegar á reyndi þjóðernislega skírskotun, enda stríðið kallað hið mikla föðurlandsstríð í Rússlandi). Sannfærðustu fasistarnir vildu heldur deyja og taka eigið líf en eiga framtíð sína undir kommúnistum og Sovétmenn ólu á hefndarþorsta fyrir gjörðir „fasistasvínanna“ fyrr í styrjöldinni. Þessi hættulega blanda, vanhæfni hermanna og hugmyndafræðileg skírskotun í bland við minningar um grimmilega framgöngu Þjóðverja, reyndist hættuleg. Ekki bætti úr skák að hermennirnir höfðu nóg af áfengi sem ekki hjálpaði til við bæta dómgreind þeirra.

Að hafa verið beittur ranglæti réttlætir ekki að gildið sé í sömu mynt. Að minnast þess sem gengið hafði á setur hlutina þó í samhengi. Í átökum er algengt að minningar um þjáningar séu tengdar við heilu þjóðirnar og notaðar markvisst til þess að réttlæta framgöngu herja, líkt og átti sér stað á austurvígstöðvunum. Beevor tekst þó ágætlega að draga ekki upp of dökka mynd af öðrum stríðsaðilanum á kostnað hins. Fyrst og fremst dregur hann á magnaðan hátt fram afleiðingar hörmunganna sem dundu yfir óbreytta borgara og undirmenn í herjum ríkjanna.

Við skírskotun

Fall Berlínar 1945 er fengur fyrir þá sem áhuga hafa á síðari heimstyrjöldinni. Ekki hafa margar bækur fjallað um austurvígstöðvarnar sérstaklega og í bókinni er varpað nýju ljósi á hörmungarnar sem þar áttu sér stað. Helsti gallinn er aftur á móti hve nákvæmlega Beevor lýsir hvers konar herfræði Þjóðverjar og Sovétmenn beittu undir lokin þar sem lýsingarnar verða oft og tíðum býsna þurrar og langdregnar. Mikið þúður fer í að telja upp númer herdeilda, hvert þær fóru og hverjir stýrðu þeim. Þó er bót í máli að fjölmörg kort í bókinni hjálpa lesandanum að átta sig á stöðunni og átakasvæðum hverju sinni. Fyrirnefndar frásagnir borgara og óbreyttra hermanna eru helsti kostur bókarinnar.

Fall Berlínar 1945 ætti að opna augu lesenda fyrir hörmungum styrjalda almennt, áhrifum og takmörkum leiðtoga á átakatímum og því hvernig mannlegt eðli breytist þegar fólk stendur frami fyrir stríðsátökum. Með því að kafa ofan í orsök átaka og draga fram lýsingar fólks sem upplifað hefur skelfilegar afleiðingar þeirra getum við betur gert okkur grein fyrir því sem gerðist. Jafnframt hjálpar það okkur til þess að reyna hvað við getum til að forðast slíkt ástand í framtíðinni.

Bókin ætti vera skyldulesning fyrir þá sem læra um síðari heimstyrjöldina, eða leggja stund á átakafræði almennt, sem og fyrir almenning. Hún er holl lesning á meðan styrjöldum er ennþá beitt sem tækjum til að ná pólitískum markmiðum en hafa, enn sem fyrr, hræðileg áhrif á fjölda saklausra borgara sem ekki hafa val um að standa utan við átökin.